

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár hér með ákveðin sem hér segir:

1. Skráning nýs hlutafélags .....	kr. 750.00
2. Skráning starfsstöðva erlendra hlutafélaga .....	— 500.00
3. Skráning breytinga á eldri skráningu .....	— 85.00
4. Löggilding skilanevndarmanna vegna slita á hlutafélögum .....	— 105.00
5. Vottorð úr hlutafélagaskrá .....	— 20.00
6. Ljósrit .....	— 10.00

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 639 22. desember 1980 um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

*Viðskiptaráðuneytið, 29. desember 1981.*

**Tómas Árnason.**

*Björn Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 75,00 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrirfram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls, nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhljóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 30,00 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 638/647 29. desember 1980 um skoðunargjald ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*